

Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
870 Vík, Mýrdal

Reykjavík 6. mars 2018
UST201801-257/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing - Aðalskipulag Mýrdalshrepps – Sólheimajökull - breyting

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Mýrdalshrepps er barst 23. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á stærð verslunar- og þjónustusvæðis við Sólheimajökul.

Skipulagssvæðið

Í lýsingu kemur fram að skipulagssvæðið er lýsingin nær til er verslunar- og þjónustusvæði við Sólheimajökul, en gert er ráð fyrir að svæðið verði stækkað úr 1 ha í 5,5 ha. Einnig kemur fram að nýtingarhlutfall á svæðinu lækkar þar sem byggingarheimildir á svæðinu verða óbreyttar.


Forsendur breytingar

Í lýsingu kemur fram að ferðaþjónusta við Sólheimajökul hefur verið starfrækt í talsverðan tíma og til að geta boðið upp á ásætlanlega aðstöðu og þjónustu er þörf á að stækka svæðið sem starfsemin hefur. Aðallega er um að ræða svæði fyrir aðkomu og bílastæði.

Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun tekur undir þá þætti sem teknir verða til skoðunar í skipulagsvinnunni. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar framkvæmdir við bílastæði falli vel að því sérstæða umhverfi sem er á skipulagssvæðinu, en þar skiptast á grýtt svæði og afar fingerður hálendisgróður. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að skipta bílastæði upp ef þess er nokkur kostur.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Rake S Kristjánsdóttir
Sérfræðingur